

Menntamálaráðuneytið b/t

Björg Pétursdóttir
Kristrún Ísaksdóttir
Sesselja Snævarr
Sigurjón Mýrdal

Þetta bréf er sent fyrir hönd Félags heimspekikennara og inniheldur athugasemdir við drög mennta- og menningarmálaráðuneytis að námssviða- og námsgreinahluta í samfélagsgreinum fyrir Aðalnámskrá grunnskóla 2012.

Hér verða gerðar athugasemdir við tvennt:

1. Við viljum að samræmi sé á milli almenns hluta og samfélagsgreinahluta aðalnámskrár hvað varðar að heimspeki og siðfræði standi saman sem systurgreinar.
2. Við viljum að hugtakið samræða sé betur skilgreint í umfjöllun um kennslufræði samfélagsgreina. Leggjum við til að notast verði við hugtakið heimspékileg samræða þar sem slík samræða er þegar vel skilgreind.

Athugasemd 1

Við teljum að skref hafi verið stigið í rétta átt þegar heimspeki var sett við hlið siðfræði í almenna hluta Aðalnámskrár grunnskóla (sjá bls. 50). Það hefur hinsvegar, að okkar mati, láðst að láta heimspeki og siðfræði vera þar í samfélagsgreinahlutanum (sjá bls. 2). Að okkar mati er mikilvægt að hafa samræmi þarna á milli. Siðfræði og heimspeki hafa haldist í hendur um aldir og er heimspeki móðurgrein siðfræðinnar. Við teljum að ef þessar tvær greinar verði aðskildar þá sé hætta á að markmið siðfræðikennslu glatist. Lykillinn að menntandi siðfræði er samræða, að hugsa saman.

Siðfræði er því ekki kennd heldur er hún rædd og þá með samræðuaðferðum heimspékinnar. Til að festa í sessi að siðfræði sé rædd með samræðuaðferðum heimspékinnar þurfa þessar greinar að haldast í hendur í samfélagsgreinahlutanum og förum við því fram á það við menntamálaráðuneytið að við þessari beiðni okkar verði brugðist.

Athugasemd 2

Ný Aðalnámskrá er opin, þar er hátt til lofts og vítt til veggja sem gefur skólum og kennurum margvísleg tækifæri til að þróa eigin skólastefnu og markmið. Talsvert er lagt upp úr mikilvægi samræðu en það skortir að okkar mati að nefna hvaða samræðuaðferðum skuli beita.

Heimspekileg samræða er kennsluaðferð sem nær á heildstæðan hátt að þjálfanokkra hæfniþætti sem falla undir grunn- og áhersluþætti nýrrar Aðalnámskrár. Heimspekilega samræðu geta allir stundað, hún er lýðræðisleg, eflir hæfni nemenda til borgaralegrar þátttöku, samkenndar og sjálfsþekkingar. Í heimspekilegri samræðu læra þátttakendur í verki samvinnu en ekki samkeppni. Þar er viðfangsefnið í forgrunni og mikilvægið felst í að það nái framgangi í umræðunni, fremur en að skoðun hvers og eins þátttakanda hljóti brautargengi.

Heimspekileg samræða er vel þekkt og skilgreint kennslutæki sem notað hefur verið með góðum árangri hér heima og erlendis. Hún gengur í megindráttum út á það að kennari og nemendur skapa saman svokallað rannsóknarsamfélag (e. community of inquiry). Aðferðin kallar á ákveðna þjálfun og áræði hjá kennurum því þeir sitja ekki lengur sem stjórnendur bak við kennaraborðið heldur eru þeir einnig þátttakendur og verða að mæta nemendum á þeirra vettvangi. Ekki er nóg að kunna að koma máli sínu á framfæri heldur gerir gagnrýnin, skapandi samræða einnig þá kröfu að þátttakendur kunni að hlusta, en það hefur oft vantað upp á í íslenskri samræðuhefð. Heimspekileg samræða gefur okkur tæki til þess að vinna markvisst að því að efla gagnrýna hugsun sem er grunnurinn að því að skilja og skilgreina hugtök sem eru í grunnþáttum menntunar. Má þar nefna lýðræði, jafnrétti, sjálfbærni og ekki síst gagnrýna, sjálfstæða og skapandi hugsun.

29 sept. 2010 sendi Félag heimspekikennara inn athugasemdir með tölvupósti til mennta- og menningarráðuneytisins, námskrárnefndar, um almenna hluta Aðalnámskrár en þeim var ekki svarað. Við sem komum hér sem fulltrúar fyrir Félag heimspekikennara óskum því eftir að fá fund með einum ofangreindra sérfræðingum hjá mennta- og menningarmálaráuneytinu í framhaldinu til að ræða þessar athugasemdir nánar.

F.h námskrárnefndar Félags heimspekikennara

Elsa Haraldsdóttir - Mastersnemi í heimspeki

Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir - Kennari og M.Ed. í heimspeki menntunar

Jóhanna Guðrún Ólafsdóttir - Kennari og M.Ed. í heimspeki menntunar

Ólafur Waage - Tölvunarfræðingur

Sigurlaug Hreinsdóttir - Kennari og M-Paed í heimspeki